



- Staðlaráð -

Grundvöllur staðlastarfs í hættu

Stöðlunarstarf byggist á framlagi sérfræðinga til samvinnuverkefna sem miða að því að finna góðar lausnir á vandamálum sem margir þurfa að glíma við, þ.e. að leysa málin í sameiningu í stað þess að hver og einn sé að búa til sína lausn með þeim hugsanlegu (og reyndar líklegu) afleiðingum að lausnir passa ekki saman. Slíkt veldur kostnaði fyrir neytendur og samfélagið – kostnaði sem komast má hjá ef menn bera gæfu til að vinna saman og búa til staðla sem allir geta notað. Þátttaka í stöðlun er valfrjáls, og notkun staðla er það alla jafna líka.

Vettvangur staðlastarfs á Íslandi

Til að stöðlunarstarf geti borið tilætlaðan árangur þarf að vera til staðar vettvangur þar sem hagsmunaaðilar geta komið saman og unnið að stöðlun – vettvangur þar sem tryggt er að unnið sé eftir grundvallarreglum stöðlunar, sem tryggja gagnsæi, að tekið sé tillit til allra mikilvægra hagsmuna, að allir sem þess óska geti haft aðkomu að starfinu og að lausnir séu fengnar fram með sammæli. Þannig er komið í veg fyrir að verið sé að brjóta á rétti einhverra hagsmunaaila eða þvinga þá til að taka upp lausnir sem þeim henta ekki.

Staðlaráð Íslands er þessi vettvangur hér á landi. Auk þess að sjá hagsmunaaðilum fyrir þeim innviðum sem þarf til að búa til séríslenska staðla, halda skrá yfir og hafa til sölu alla íslenska staðla, og að útvega aðra

þá staðla sem fyrirtæki og stofnanir kunna að þurfa á að halda, er Staðlaráð aðili að evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum og þar með farvegur fyrir þau fyrirtæki sem vilja taka þátt í staðlastarfi á evrópskum eða alþjóðlegum vettvangi og hafa áhrif á þá staðla sem varða þeirra framleiðslu eða starfsumhverfi.

Vinnuframlag atvinnulífsins

Það vill oft gleymast í umræðum um fjármögnun staðlastarfs að rekstur Staðlaráðs sjálfs er einungis hluti af umfangi staðlastarfs á Íslandi. Fyrirtæki og stofnanir sem leggja fram vinnutíma starfsmanna sinna til þátttöku í staðlastarfi leggja fram drjúgan skerf á móti opinberum framlögum, framlögum einkaaðila, sölutekjum og öðrum tekjum sem Staðlaráð fær til rekstrar. Þessi skerfur hefur verið falinn, þar sem hann kemur hvergi fram í rekstrarreikningi Staðlaráðs, og þau fyrirtæki og stofnanir sem leggja vinnuna fram greina heldur ekki sérstaklega frá þeim kostnaði í reikningum sínum.

Fyrir síðasta aðalfund Staðlaráðs var í fyrsta skipti reynt að meta umfang vinnuframlags þeirra sem taka þátt í stöðlunarstarfi á Íslandi. Niðurstaðan er sú að árið 2013 voru starfandi á vegum Staðlaráðs og fagstaðlaráða þess 41 tækninefnd og vinnuhópar sem héldu samtals 208 fundi. Vinnuframlag allra sérfræðinga sem sátu í þessum nefndum og hópum, mættu á fundi og unnu að



Guðrún Rögnvaldardóttir,
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands.

málum milli funda, er varlega áætlað 3886 klukkustundir. Miðað við 15.000 kr tímagjald reiknast framlag þeirra fyrirtækja og stofnana sem þessir sérfræðingar starfa hjá tæplega 58,3 milljónir króna.

Til að setja þessa upphæð í samhengi má benda á að framlag ríkisins á fjárlögum til staðlastarfs árið 2013 var 56,1 milljón króna, en því framlagi er ætlað að standa undir kostnaði við lögbundin hlutverk Staðlaráðs,

(Framhald á bls. 2.)

NÁMSKEIÐ
23. OKTÓBER

ISO 9000 - Lykilatriði,
uppbygging og notkun

Farið er yfir uppbyggingu
kjarnastaðlanna í ISO 9000 röðinni,
kröfurnar í ISO 9001 og tengsl
staðlanna og gæðastjórnunarkerfis
samkvæmt ISO 9001.

Áhugaverð verkefni - bls. 2

Rafræn þjónusta - bls. 3

Vistvænar byggingar - bls. 4

Áhugaverð verkefni

Á vegum Rafstaðlaráðs er unnið að Áýmsum áhugaverðum verkefnum. Hér á eftir er upptalning á þeim helstu:

- Endurskoðun staðalsins ÍST 200:2006 *Raflagnir bygginga* stendur yfir í samvinnu við Mannvirkjastofnun. Staðallinn er byggður á evrópskum samræmingarskjölum, HD 60364, en þau eru aftur á móti aðlöguð útfærsla af alþjóðastaðlinum IEC 60364. Frá því að ÍST 200 kom út árið 2006 hafa ýmsar breytingar orðið á gildandi samræmingarskjölum sem staðallinn byggir á. Því var þörf á uppfærslu og aðlögun. Samræmingarskjölin HD 60364 eru í notkun í öðrum Evrópulöndum. Því eru svo til sömu kröfur um hönnun, efni og búnað í öllum Evrópulöndum.
- Áætlað er að frumvarp að ÍST 200:2015 verði auglýst til umsagnar um áramót og að nýr staðall verði gefinn út á vormánuðum. Það er þó háð fjármögnun verksins. Í framhaldi af því yrði handbókin um staðalinn, svokallaður „Staðalvísir“, yfirfarin og endurútfærin.
- Endurskoðun á tækniforskriftinni TS

151:2009 *Fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði*. Líftíma tækniforskriftarinnar lauk í vor, en hann er að hámarki 5 ár. Góð reynsla var af notkun tækniforskriftarinnar og var því ákveðið að gefa hana út sem íslenskan staðal, ÍST 151.

TS 151 byggir m.a. á gildandi evrópskum stöðlum en dregur saman í eitt rit mismunandi gerðir lagna og lagnaútfærslur. Meðal annars er þar tekið á loftnetskerfum, netkerfum, símakerfum og hústjómarkerfum. Einnig er tekið á frágangi og prófunum. Vonast er til að vinnu við gerð staðalsins ljúki á þessu ári.

- Íslenskur þjóðarviðauki við nýjan staðal fyrir háspennulínur, ÍST EN 50341. Í nýrri útgáfu af þessum staðli eru sameinaðir tveir eldri staðlar, annar fyrir línur frá 1 kV til og með 45 kV málspennu og hinn fyrir línur yfir 45 kV málspennu. Áætlað er að þjóðarviðaukinn verði tilbúinn fyrir áramót.

Draumur Rafstaðlaráðs er að gefa út fleiri handbækur og fræðirit á íslensku fyrir hönnuði og rafiðnaðarmenn. Þetta hefur ekki gengið eftir nema að litlu leyti vegna



Sigurður Sigurðarson,
verkefnastjóri í raftækni hjá
Staðlaráði Íslands.

skorts á fjármagni. Nú hefur hins vegar rofað til og hefur Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins óskað eftir samstarfi við Rafstaðlaráð í þessum efnum.

Framhald af forsíðu

svo sem þá innviði sem getið er um hér að ofan og þá lágmarksþátttöku í evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum sem leiðir af skuldbindingum stjórnvalda varðandi innri markaðinn í Evrópu og Alþjóðavíðskiptastofnunina WTO.

Hættan

Með því að tryggja að nauðsynlegir innviðir staðlastarfs ásamt tengslum við evrópskt og alþjóðlegt staðlastarf séu til staðar á Íslandi er þannig hægt að laða fyrirtæki og stofn-

anir til samstarfs, samstarfs sem tryggir ekki aðeins mikilvægt móttframlag þeirra í formi vinnu heldur einnig ótvíræðan efnahagslegan ávinning í formi íslenskra staðla og tækniforskrifta sem gagnast íslensku atvinnulífi. Opinbert fé sem veitt er til staðlastarfs verður þannig hvati fyrir atvinnulífið til að leggja einnig sitt af mörkum, svo að um munar.

Því miður virðast stjórnvöld ekki hafa áttað sig á því að trygg fjármögnun lögbundinna hlutverka Staðlaráðs er grunnfarsenda þess að virkja fyrirtæki og stofnanir til samstarfs á þann hátt sem lýst er hér að ofan.

Stöðlunarverkefnið eru auðvitað mörg og margvísleg, og mörg þeirra njóta beinna framlaga frá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum umfram vinnuframlag sérfræðinga, en staðlar og tækniforskriftir fyrir íslenskt atvinnulíf verða ekki til nema innviðirnir séu til staðar. Með niðurskurði framlaga á fjárlögum er þessum innviðum stefnt í hættu. Fari svo illa að Staðlaráð verði ekki í stakk búið til að sinna grundvallarhlutverkum sínum er fjárfélaglegt að fyrirtæki og stofnanir hætti að leggja sitt af mörkum til stöðlunarstarfsemi sem ekki stendur undir nafni.

Námskeið 30. október

Stjórnun upplýsingaöryggis
samkvæmt ISO/IEC 27001
Lykilatriði, uppbygging og notkun

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti gert grein fyrir lykilatriðum staðlanna ISO/IEC 27001 og ISO/IEC 27002 og þekki hvernig þeim er beitt við stjórnun upplýsingaöryggis í fyrirtækjum og stofnunum.

- Rafræn þjónusta -

Hve örugg þarf innskráning að vera?

Þegar borgararnir sækja rafræna þjónustu hjá fyrirtækjum og stofnunum þurfa þeir yfirleitt að gera grein fyrir sér með einhverjum hætti. Þetta má gera með ýmsum sannvottunaraðferðum, t.d. einföldu lykilorði, flóknu lykilorði, tveggja þátta aðferð (t.d. lykilorði með styrkingu) eða fullgildum rafrænum skilríkjum. Nýlegur ISO staðall mælir með því að val á sannvottunaraðferð við innskráningu byggji á áhrifagreiningu og að ekki sé krafist herra fullvissustigs en sú greining gefur tilefni til.

Fullvissustig sannvottunar

Veitendur rafrænnar þjónustu og aðrir sem vilja geta valið viðeigandi sannvottun eftir aðstæðum ættu að kynna sér efni alþjóðastaðalsins ISO 29115:2013. Hann er nú til umsagnar sem íslenskur staðall, fríST ISO 29115:2013 *Upplýsingatækni - Öryggisætkni - Umgjörð um fullvissu sannvottunar eininda*. Á vegum Fagráðs í upplýsingatækni starfar vinnuhópur um skipulag, sem hefur ritað formála til skýringar á íslensku, en ákveðið var að þýða ekki meginefni staðalsins. Í vinnuhópnum sitja fulltrúar frá Auðkenni, Fjármálaráðuneyti, Neytendastofu og Þjóðskrá Íslands.

Valið fer fram í þremur skrefum:

1. skref: Mat á þörfinni fyrir fullvissustig

Hver þjónustuveitandi þarf að framkvæma áhrifagreiningu fyrir hverja tegund rafrænnar þjónustu sem hann veitir, þar sem þjónustan getur verið

mismunandi viðkvæm fyrir svikum. Greiningin er gerð í samræmi við töflu sem er að finna í kafla 6 í staðlinum.

Þörfin fyrir fullvissustig fæst með því að meta sex mismunandi afleiðingar rangrar sannvottunar sem varða: óþægindi, fjárhagslegar afleiðingar, almannahagsmuni, persónuvernd, öryggi fólks og brot á réttindum. Mat á hverjum þætti gefur stig, og heildarmatið ræðst af þeim þætti sem fær flest stig.

2. skref: Mat á fullvissustigi einstakra sannvottunaraðferða (innskráningarleiða)

Til að þjónustuveitandi geti valið viðeigandi sannvottunaraðferð þarf að liggja fyrir raunhæft mat á fullvissustigi mismunandi aðferða.

Fullvissustig tiltekinnar sannvottunaraðferðar ákvarðast af því trausti sem borið er til þeirra ferla, stjórnunar og tækni sem beitt er við skráningu, afhendingu og notkun sannvottunargagna. Traustið er metið með því að skoða hvaða ráðstafanir gagnvart ógnum eru til staðar í hverjum þætti, í samræmi við kafla 10 í staðlinum.

3. skref: Val á sannvottunaraðferð (innskráningarleið)

Þjónustuveitandi velur viðeigandi sannvottunaraðferð eða -aðferðir sem uppfylla kröfur hans um fullvissustig fyrir viðkomandi rafræna þjónustu.

Til að tryggja sem best aðgengi notenda



Þorvarður Kári Ólafsson, gæða- og öryggisstjóri Þjóðskrár Íslands og formaður vinnuhóps um skipulag.

að viðkomandi þjónustu er eðlilegt að þjónustuveitandi bjóði upp á a.m.k. eina sannvottunaraðferð sem er af sama fullvissustigi og þjónustan krefst (sjá 1. skref). Það kemur þó ekki í veg fyrir að einnig sé boðið upp á sannvottun af herra fullvissustigi fyrir þá notendur sem það kjósa. Staðallinn gefur einnig þjónustuveitanda kost á að leyfa sannvottun af lægra fullvissustigi en þjónustan krefst ef hann er tilbúinn til að taka þá áhættu sem því fylgir.

Nýtið ykkur staðalinn

Að lokum eru allir þeir sem veita rafræna þjónustu hvattir til að kynna sér efni staðalsins og nýta sér hann til að velja viðeigandi innskráningaraðferðir með því að áhrifagreina hverja þá tegund þjónustu sem þeir veita.

Taflan sýnir nokkur þekkt íslensk dæmi.

Fullvissustig	Meginkröfur ISO 29115	Dæmi um sannvottunaraðferð sem talið er að uppfylli fullvissustigið
1	Einfalt lykilorð	Veflykill skattsins Lykilorð banka (án Auðkennislykils)
2	Flókið lykilorð, traust skráning og afhending	Íslykill
3	Tveggja þátta aðferð	Styrktur Íslykill (með SMS) Lykilorð banka+Auðkennislykill
4	Fullgild rafræn skilríki	Fullgild Íslandsrótarskilríki frá Auðkenni

Staðlapósturinn

rafrænt fréttabréf Staðlaráðs

Ert þú áskrifandi?

www.stadlar.is



- Nýir staðlar -

Vistvænar byggingar

Norðurlöndin hafa sameiginlega sent út til kynningar drög að þremur stöðlum. Staðlarnir fjalla um kröfur í sjálfbærum byggingariðnaði. Með gerð þessara staðla eru Norðurlöndin að taka forystu í Evrópu um vistvæna stöðlun í mannvirkjagerð. Niðurstaða vinnunnar mun verða kynnt fyrir evrópsku staðlasamtökunum CEN með það að leiðarljósi að leggja samnorrænan grunn að evrópski stöðlun um efnið.

The Nordic region as Standard Maker

Vinnuhópar með fulltrúum allra Norðurlandanna hafa verið starfandi um hvert verkefni. Í hópunum hafa hagsmunaaðilar miðlað af sinni reynslu við að efla samræmingu í byggingartengdri staðlagerð á Norðurlöndum, og um leið lagt til efni í framtíðarvinnu við evrópska staðlagerð á byggingarsviði.

Fyrir Íslands hönd hefur Byggingarstaðlaráð leitt vinnuna við verkefnið, sem ber vinnuheitid *The Nordic region as Standard Maker*. Verkefnið skiptist í þrjú undirverkefni:

- **Vistvænar endurbætur bygginga**
Í tillögunni er m.a. horft til krafna til

sparnaðar á orku sem og sjálfbærni yfir líftíma bygginga. Vinna hópsins hefur miðað að því að setja fram samræmd markmið í mótun sjálfbærrar hugsunar við endurgerð bygginga og búa til viðmið (indikatora) til að varða veginn við ákvarðanir um endurbætur.

- **Innivist bygginga og stöðlun á valkvæðri flokkun**

Vaxandi krafa er um gott og heilsusamlegt umhverfi inni í byggingum. Í tillögunni eru sett fram viðmið um lykilkætti sem leggja grunn að góðri innivist. Höfuðvandinn við verkefnið felst í því að takmarka viðmiðin þannig að raunhæf vinnugögn verði til.

- **Evrópureglur í nánustu framtíð um byggingarvörur og yfirlýsingu byggingarvara**

Norðurlöndin þurfa að standa vörð um framsetningu á kröfum sem varða hagsmunum landanna sérstaklega. Í tillögunni eru sérstaklega til skoðunar kröfur og yfirlýsingar um framleiðslu og notkun varmaeinangrunar og stáls í mannvirkjagerð.

Hægt er að kynna sér verkefnið og koma með ábendingar á vef Norræna nýsköpunar-



Jón Sigurjónsson,
yfirverkfræðingur á mannvirkjasviði
Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

sjóðsins: <http://nordicinnovation.org/events/public-consultation-nordic-region-as-standard-maker/>

Arngrímur Blöndahl hjá Staðlaráði veitir nánari upplýsingar.



Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú tekur tappa úr flösku.

Staðallinn ISO 17727 *Cork - Cork stoppers for still wine - Sampling plan for the quality control of cork stoppers* er notaður til að tryggja gæði korktappa fyrir vínflöskur. - Staðallinn fæst í Staðlabúðinni, líkt og aðrir alþjóðlegir staðlar.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.